



## FRÉTTATILKYNNING

# Ást í meinum og útburður Ferð í skjalageymslur Þjóðskjalasafns

Á **Safnanótt**, 8. febrúar 2013, verður dagskrá í Þjóðskjalasafni Íslands, Laugavegi 162, Reykjavík.

Boðið verður upp á skoðunarferð í skjalageymslur Þjóðskjalasafns og kynningu á starfsemi þess.

Einnig gefst gestum kostur á að hlýða á erindi Benedikts Eypórssonar sagnfræðings um **Sólborgarmálið**, sem snýst um ástir hálsystkina og útburð barns þeirra. Ekki síður áhugavert er erindi Guðnýjar Hallgrímsdóttur doktorsnema í sagnfræði um **Kokkastúlku og kærustu í kaupstað**. Þar er fjallað um meiri farsæld en í hinu erindinu, þrátt fyrir brot gegn hefðum samfélagsins.

Hægt er að skoða skjalasýningu, taka þátt í verðlaunagetraun og kíkja í ættfræðiheimildir með aðstoð sérfræðinga safnsins.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Sjá nánar á vef Þjóðskjalasafns, [www.skjalasafn.is](http://www.skjalasafn.is)